

# Aðalfundur

## Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu

### 27. mars 2025

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis setti fundinn og kynnti tillögur um fundarstjóra. Hann lagði til að Gísli Guðni Hall yrði fenginn sem fundarstjóri og var það samþykkt með lófaklappi. Formaður lét svo fundinn í hendur fundarstjóra.

Fundarstjóri tók við fundinum og þakkaði fyrir traustið. Hann byrjaði á að tilnefna starfsmenn fundarins:

**Ritarar:**

Elín Helga Sanko og Rut Ragnarsdóttir  
Samþykkt

**Umsjón fjarfundar:**

Jóhanna Þórdórsdóttir og Vilhjálmur Ólafsson  
Samþykkt

**Umsjón rafrænnar atkvæðagreiðslu:**

Þórður Höskuldsson  
Samþykkt

**Rittúlkun á ensku:**

Níels Rúnar Gíslason  
Samþykkt

Að því loknu fór fundarstjóri yfir nokkur praktísk atriði:

Aðalfundur var auglýstur á tryggilegan hátt með a.m.k. 35 sólarhringa fyrirvara. Auglýsing um aðalfund í tímariti Sameykis var send til alls félagsfólks í lok janúar og aðalfundur auglýstur undir viðburðir á forsiðu vefs Sameykis.

Gögn fundar; ársskýrsla, reikningar félagsins og tillögur að lagabreytingum voru birt á „Mínum síðum“ 10 sólarhringum fyrir aðalfund.

Skráðir um 180 félagsmenn á fundinn, þar af um 40 manns á fjarfundi.

Gísli lýsti fundinn löglegan.

Fram komu tæknilegar truflanir þar sem gestir á fjarfundi heyrðu ekkert. Örlítil töf á meðan það var lagfært og þar næst var fundi haldið áfram.

Fundarstjóri kynnti Þórð Höskuldsson, umsjónarmann rafrænnar atkvæðagreiðslu. Þórður kom í pontu fór yfir tæknileg atriði varðandi atkvæðagreiðslu. Hann tók fram að þar sem atkvæðagreiðsla færi fram á netinu þyrfti fólk að hafa snjalltæki tilbúin.

Fundarstjóri lagði fram tillögu að fyrirkomulagi við atkvæðagreiðslu. Hann spurði hvort fundarmenn væru sammála því vinnulagi að ef ekki kæmu fram athugasemdir eða breytingartillögur við þær tillögur sem teknar væru fyrir á fundinum þá þyrfti ekki að kjósa um efnisliðinn? Kæmu hins vegar fram athugasemdir, breytingartillögur eða óskir um að atkvæðagreiðslu, færi fram atkvæðagreiðsla. Það væri þó alltaf greidd atkvæði um lagabreytingar og reglur sjóða.

Greidd voru atkvæði í byrjun fundar um þetta vinnulag og var þessi tillaga fundarstjóra samþykkt.

Aðalfundur er haldinn bæði í sal og á fjarfundi. Fundarstjóri benti á nauðsyn þess að við sýndum þolinmæði og tillitssemi til þess að allir upplifðu sig sem þátttakendur á fundinum. Því þyrftu þátttakendur í sal að koma upp í pontu ef þeir vildu tala.

Þátttakendur í fjarfundarbúnaði myndu hins vega láta umsjónarmann fjarfundar vita ef þeir vildu tala og þá kæmu þeir í mynd á skjá.

Þátttakendur á fjarfundi voru beðnir um að vera með lokað fyrir hljóðnemann, nema þegar þeir hefðu fengið orðið.

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið frammi á netinu og skoðast samþykkt.

Trausti Jónsson trúnaðarmaður á velferðarsviði Reykjavíkurborgar bað um orðið og lagði fram skriflega tillögu um frestun aðalfundar Sameykis 27.03.2025 vegna tímasetningar, sem væri á almennum vinnutíma félagsmanna - sjá fylgiskjal 1

Fundarstjóri hafði þegar lýst aðalfundinn lögmetan og taldi ekki ástæðu til að kjósa um þessa tillögu um frestun fundar. Formaður hefði ákvörðunarvald til að ákveða að halda fundinn, sem hefði verið boðað til með lögmetum hætti.

## Dagskrá:

### 1. Skýrsla stjórnar:

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis fer yfir skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári sem hefur einkennst af mikilli vinnu við samningagerð, krísustjórnun o.fl.

### Ávarp formanns:

*Kæru félagar og aðrir fundargestir,*

*Ég vil bjóða ykkur velkomin á aðalfund Sameykis.*

*Það er óhætt að segja að árið 2024 hafi verið heilmikil áskorun fyrir stjórn og starfsfólk Sameykis ekki síst fyrir þær sakir að í upphafi árs voru allir kjarasamningar félagsins lausir. Það fór því mikil vinna á árinu í samningaviðræður og samningagerð. Ekki verður annað sagt en að nokkuð vel hafi gengið að semja en nú eru allir kjarasamningar hjá Sameyki í gildi en sá síðasti var kláraður nú lok febrúar á þessu ári.*

Eins og gefur að skilja mótuðu þessar samningarviðræður störf stjórnar sem kom saman á 33 formlegum fundum á árinu - hvorki meira né minna. Fastir stjórnarfundir eru að jafnaði annan og fjórða þriðjudag í mánuði frá hausti til vors, en auk þess fundar stjórnin oftast eftir þörfum. Fundir stjórnar eru alla jafna haldnir á skrifstofu félagsins á Grettisgötu 89 og alltaf er opið fyrir það að stjórnarfolk geti tekið þátt í fundum með rafrænum hætti.

Formanns- og stjórnarkjör fóru fram samkvæmt lögum félagsins í mars 2024. Uppstillingarnefnd skilaði tillögu að nýrri stjórn og formanni, sem staðfest var af trúnaðarmannaráði og síðan formlega á aðalfundi. Engin mótframboð bárust, þannig að sjálfkjörið var í stjórn og til formanns.

Á haustmánuðum urðu hins vegar breytingar á skipan stjórnar. Það þarf ekki að draga dul yfir ástæður þess en eins og fram hefur komið hefur gengið á ýmsu innan sem utan veggja félagsins síðustu misseri. Í byrjun október 2024 var ljóst að formaðurinn nyti ekki lengur trausts stjórnar og starfsfólks Sameykis né forystu BSRB og vék því úr stjórn.

Þrátt fyrir þennan ágreining vil ég fyrir hönd Sameykis þakka Þórarni fyrir störf hans í þágu Sameykis. Hann hefur bæði verið formaður Sameykis og undan því starfað sem framkvæmdastjóri félagsins til fjölda ára og hefur svo sannarlega markað sín spor á starfsemi félagsins.

Í kjölfar þess að Þórarinn vék úr stjórn var gerður starfslokasamningur við hann. Í því felst að Þórarinn fær greidd laun út kjörtímabilið enda var hann kjörinn formaður félagsins og mun Sameyki standa við allar skuldbindingar sem af því leiða.

Í samræmi við lög félagsins tók Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður við formennsku í stjórn. Í kjölfarið var undirritaður kjörinn af stjórn til að taka við sem varaformaður.

Enn skjótt skipast í veður í lofti, því frekari vendingar urðu á stjórn félagsins þegar Ingibjörg Sif óskaði eftir því að láta af formannsembættinu. Í samræmi við lög félagsins kom það því í minn hlut, sem varaformanns, að taka við formennsku stjórnar.

Ég þakka stjórn traustið og hlakka til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem fram undan eru – í samstarfi við stjórn, trúnaðarmenn, en ekki síst ykkur, félagsmenn Sameykis.

Fram undan er áframhaldandi uppbygging og vinna við að efla starfsemi félagsins. Nýjar orlofsíbúðir verða teknar í notkun á árinu á Akureyri og við vonumst til að geta opnað ný glæsileg orlofshús við Úlfljótsvatn í kringum áramótin.

Ný heimasíða félagsins er líka í vinnslu en við stefnum á að hún verð klár í árslok. Þá hefur stjórnin þegar hafið markvissa vinnu við að auka gegnsæi innan félagsins og setja sér ákveðnar starfsreglur. Fundargerðir stjórnar verða gerðar aðgengilegar á vef Sameykis og við munum styrkja innri samskipti og bæta upplýsingaflæði til ykkar. Við viljum leggja enn meiri áherslu á gott samstarf við trúnaðarmenn en á seinasta fundi Trúnaðarmannaráðs var til að mynda mjög góð umræða um áskoranir styrktar- og sjúkrasjóðs sem er dæmi um umræðu sem er gott að eiga á slíkum vettvangi. En síðast en ekki síst ætlum við að halda áfram að vinna ötullega og af heilindum að því sem mestu máli skiptir: réttindum, kjörum og velferð félagsmanna.

*Sameyki stendur á sterkum grunni – og með samstöðu, virðingu og ábyrgð að leiðarljósi höldum við áfram að byggja upp öflugt félag sem stendur með sínum félagsmönnum – í kjarabaráttu, réttindamálum og í daglegu lífi.*

*Takk fyrir.*

*Kári Sigurðsson, formaður Sameykis*

Umræður um skýrslu stjórnar verða í boði eftir að reikningar félagsins hafa verið kynntir.

Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar fyrir síðastliðið almanaksár. Borghildur Sigurðardóttir fjármálastjóri fór yfir stöðu félagssjóðs og orlofssjóðs:

- **Félagssjóður Sameykis** - sér um rekstur skrifstofa Sameykis og er í daglegum rekstri.
  - Afkoma ársins: 17.229.677, breytingar á lífeyrisskuldbreytingum eru rúmar 44 milljónir.
  - Eignir: 1.109.590.608. Hrein eign félagsins er rúmar 417.627.551, langtímaskuldir 603.382.785 og skammtímaskuldir 88.580.272.
- **Orlofsjóður Sameykis** - okkar helstu eignaumsvif og er í daglegum rekstri.
  - Tekjur samtals: 820.305.057, rekstrargjöld 582.270.167 og afkoma ársins: 273.131.593
  - Fastafjármunir: 1.562.724.115, eignir samtals: 2.213.373.794, hrein eign: 2.088.447.454, langtíma skuldir: 22.263.040 og skammtíma skuldir: 102.663.300.

Fundarstjóri þakkaði Kára og Borghildi fyrir þeirra framlag og bauð því næst upp umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Þórarinn Eyfjörð:

Hann er að kveðja félagsmenn, stendur á tímamótum og er að hætta í baráttunni. Hann fór m.a. í stuttu máli yfir ýmis verkefni sem voru gerð í hans tíð hjá SFR og Sameyki. Hann fór jafnframt yfir sína hlið á ágreiningi við stjórn og starfsfólk og undanfara þess að hann vék úr stjórn og störfum fyrir Sameykis.

Hann þakkaði öllum félagsmönnum fyrir samstarfið í gegnum árin og óskaði félaginu velsældar framtíðinni. Jafnframt hvatti hann til áframhaldandi góðra verka og bauð fram sína aðstoð og álitsgjöf ef vilji væri fyrir því. Segir því næst formlega af sér formennsku. – Sjá fylgiskjal 2.

Garðar Svansson trúnaðarmaður fangavarðafélagsins:

Hann þakkaði fyrir góða yfirferð og góða skýrslu og þakkaði fyrir að öll gögn hefðu verið sett inn á netið með fyrirvara. Hann hvatti til eindregins stuðnings að við stjórn og starfsfólk. Hann þakkaði Þórarinn fyrir hans störf og hvatningu til áframhaldandi góðra verka. Hann kvaðst ekki sáttur við starfslokasamninginn en er sáttur við framkvæmdina. Sameyki væri öflugt félag þar sem fram hefði farið mikil uppbygging og mikið starf og að við ættum að halda því áfram. Hann benti á að við mættum ekki gleyma kjaramálunum og þyrftum virkilega að fylgja því eftir að farið verði í stofnanasamninga á næstu árum. Það þyrfti virkilega að fylgja því eftir að fá fjármagn í stofnanasamninga.

Garðar gerði athugasemdir við nafnalista nefnda og ráða félagsins og vill að hann verði uppfærður. Þar væru 20 nöfn og 49 sæti. Hvatti til að kraftur félagsins, sem væri í félagsmönnum, yrði vel nýttur.

Garðar benti á að félagið stæði vel og heildar eignir félagsins væru rúmir 6 milljarðar. Það þyrfti að standa vörð um fjármögnunina. Hann spurði hvor það væri eðlileg ávöxtun í

starfmenntasjóði? Hann benti á að úr félagssjóði hefðu farið 36 milljónir í aðkeypta þjónustu. Þetta væru háar tölur og það um skýringar. Hjá orlofssjóði hefðu farið 8-9 milljónir í umsjón eigna erlendis. Þetta væri hár kostnaður miðað við eignir á Íslandi. Hver væri skýringin á því? Það að ráða lögfræðingur til félagsins væri greinilega að skila sér til félagsins og hefði það verið frábært framtak.

Oddur:

Honum fannst þetta dapurlegur fundur og býsnast út í Þórarinn fyrir að hafa haldið sinn pistil, segir fundarstjóra hafa átt að stoppa hann. Hann spyr núverandi formann út í brotthvarf Þórarins. Stjórn félagsins hafi eytt miklum peningum félagsins í starfslokasamning við Þórarinn og segir Þórarinn ekki eiga neitt af þessu. Hann taldi ekki að Þórarinn ætti neitt skilið umfram aðra. Á almennum markaði væri regla um 6 mánaða uppsögn og starfslok. Hann var mjög ósáttur og hvatti stjórnina til að segja af sér í einu lagi og vildi kosningu um nýja stjórn. Hann taldi að stjórnin hefði ekki stuðning félagsmanna.

Hlynur trúnaðarmaður á Landspítala:

Hann vildi vita hvort skipan Kára Sigurðssonar sem varaformanns stjórnar Sameykis væri skv. lögum félagsins þar sem Ingibjörg hefði verið settur formaður. Vildi vita hvernig sú skipan hefði farið fram.

Magnea:

Hún kvartaði um að trúnaðarmenn hefðu ekki fengið að vita hvað var í gangi í félaginu og var mjög ósátt með að trúnaðarmenn hefðu fengið fréttirnar úr fjölmiðlum. Er ósátt við skort á upplýsingum og upplifir vantraust og fréttáflutningur til trúnaðarmanna væri ekki nógu góður. Spyr hvort trúnaðarmenn séu bara í aukahlutverki. Finnst hún vera týnd. Nefnir BSRB þingið og talar um almenna reiði félagsmann með niðurstöðuna þar.

Höskuldur:

Fer fram á að reglum um starfslok verði breytt og gerðir nýir samningar. Vill fá að vita hvernig samningar nýs formanns eru.

Þórunn:

Finnst málin skrítin. Formaður var kosinn af félagsmönnum en stjórn Sameykis tók ákvörðun um brottvikningu formanns, ekki trúnaðarmannaráð. Henni finnst vanta að fá alla söguna inn í trúnaðarmannaráð, þ.m.t. söguna um deilumálin. Hún spyr hvort deilurnar séu dánar. Hún vill fá að vita hvað við erum að fá fyrir veruna í BSRB? Henni finnst galið að Sameyki sé að fjármagna BSRB batteríið en eiga ekki fulltrúa í stjórn BSRB. Segir jafnframt að vaktavinnufólk sé ekki með neinn málsvara í vinnutímanefnd BSRB. Trúnaðarmenn eigi að fá betri upplýsingar um það sem er í gangi hverju sinni.

Ottó:

Er sammála síðasta ræðumanni. Vill kjósa um nýja stjórn. Hann er ósáttur við yfirtöku BSRB á samningagerð félagsmanna Sameykis og finnst eins og það hafi verið gerð mistök í síðustu kjarasamningum. Hann vill út með betri vinnutíma og finnst vera búið að taka samningaréttinn af okkur sem stéttarfélagi með því að afhenda BSRB samningsumboðið.

Borghildur Sigurðardóttir fjármálastjóri svaraði Garðari og Þórunni og útskýrði stöðu sjóða. Hvað varðar aðkeypta þjónustu fyrir félagssjóð, skýri bókhaldsþjónusta og sálfræðiþjónusta

lang mestan hluta þeirrar hækkunar. Auk þess var kostnaður við sölu á eignum erlendis ásamt standsetningu á nýrri eign á Tenerife.

Hún benti jafnframt á að umgengni um íbúðir erlendis væri mun verri en á Íslandi og væri það ástæðan fyrir þessum mun varðandi kostnað við umsjón eigna erlendis.

Enn fremur benti hún á að félagsgjöld til BSRB koma skýrt fram í reikningum félagsins.

Hörður Oddfríðarson:

Þakkar fyrir að fá að vera með. Félagið er okkar. Það skiptir okkur máli hvernig það er rekið og hefur það verið vel rekið félag. Hann kvaðst ekki alltaf hafa verið sammála í öllum málum, en heilt yfir sé hann sáttur.

Í stjórninni situr valinkunnt fólk sem hann ber fullt traust til, það beri hag félagsfólks fyrir brjósti. Óheppilegt að formaður hættir þegar 2½ ár eru eftir af samningi hans. Hann kveðst ekki ætla blanda sér efnislega í málin, en stjórnin hafi tekið ákvörðun. Hann kveðst vilja fá eitthvað fyrir sinn snúð. Honum finnst ósanngjarnt að taka allan þennan tíma í starfslok. Hann kallaði eftir að aldrei, hvorki fyrr né síðar, verði samið um lengri starfslok en 6 mánuði nema því aðeins að aðstæður í samfélaginu breytist.

Er ekki ósáttur við framkvæmdir með formann og kosningu varaformanns innan stjórnar Sameykis. Stjórnin sé rétt kosin og hefur fullan rétt til að sitja út kjörtímabilið. Hann muni styðja ákvarðanir stjórnar, hverjar sem þær eru í þessu máli.

Hann gerði stöðu Sameykis innan BSRB að umtalsefni. Sameyki er sterkt félag og það þurfi að gæta jafnræðis. Það sé annkannalegt að sjá að stærsta félagið innan BSRB eigi engan fulltrúa í stjórn BSRB. Það sé staðan í dag og ekki ástæða til að dvelja við það en hins vegar þurfum við að undirbúa okkur fyrir næsta þing BSRB. Þurfum að upplýsa félagsfólkið okkar og trúnaðarmannaráð um það sem er að gerast í félaginu.

Hann þakkaði fyrir greinagóða yfirferð reikninga og sagði vel haldið utan um góðan rekstur félagsins.

Kári Sigurðsson formaður svarar:

Hann þakkaði falleg orð í sinn garð og stjórnar. Hann þakkaði jafnframt fyrir umræðuna um erfið málefni. Það væru margar vangaveltur í gangi, sem væri alveg eðlilegt. Það mætti taka heiðarlega ákvörðun um veitingu upplýsinga. Að sitja í þessari stjórn Sameykis væri eitt það erfiðasta sem hann hefði gert. Kári talaði um að það þyrfti að bæta upplýsingaflæði til trúnaðarmanna en að honum þætti mikilvægt að meta vel hvað væri sagt og hvaða upplýsingar væru veittar.

Það væri engin launung að það væru búin að vera mikil átök, en að hann vonaðist til að félagið kæmi sterkara út úr þeim átökum. Tímann hefði hins vegar þurft að nýta í krisustjórnun í samvinnu við lögfræðinga og fleiri aðila. Það væri auðvelt að horfa í baksýnispegilinn og segja að við hefðum kannski átt að gera öðruvísi, en við völdum að fara þessa leið í okt.sl. Það væri verið að vinna í að auka upplýsingaflæði til trúnaðarmanna.

Hvað varðar starfslok fyrrverandi formanns þá væri stjórnin búin að afgreiða það mál og sjá til þess að þetta geti ekki gerst aftur, en það tæki tíma að vinna úr málunum.

Þórarinn hefði verið félagslega kjörinn og því ekki hægt að segja honum upp öðruvísi. Stjórnarlaunin væru ekki eins og sagt hefði verið í fjölmiðlum, þau væru ekki há en fundir að jafnaði aðra hverja viku og stundum oftar.

Kári sagði að bæði hann og stjórnin störfuðu af fullum heilindum. Það væri engin launung að það væri búin að vera krísa. Hann vonaðist til þess að eftir þennan aðalfund að gætum við gengið héðan út bein í baki og að það yrði gengið þannig frá málum að við lentum ekki aftur í viðlíka verkefnum. Hann sagði að þegar ekki væri krisustjórnun í gangi fengi stjórnin tækifæri til að vinna áfram að málefnum félagsmanna.

Fundarstjóri kom í pontu og kvað nokkra bíla vera fyrir rútum fyrir utan. Hann las upp nokkur bílnúmer og bann gesti um að færa bílana sína.

Ingunn trúnaðarmaður hjá Sýslumanni suðurlands:

Á fundi trúnaðarmannaráðs þann 12. mars sl. hefði verið rætt um niðurskurð í sjúkrasjóði, þar hefði ekki verið rætt um brotthvarf formanns. Hún spurði hvort það hefði verið minnst á þetta á fundinum í dag ef þetta hefði ekki komið í fjölmiðlum í gær? Hver gerði þennan samning og hvenær var hann gerður? Fékk Ingibjörg Sif starfslokasamning þegar hún hætti sem formaður? Fær Kári Sigurðsson starfslokasamning þegar hann hættir? Hún hefði verið stolt af Sameyki, en það væri mikill urgur í samfélaginu út af þessum samningi við Þórarinn, hann þætti galin framkvæmd. Hún gæti ekki verið stolt af félaginu sínu eins og er.

Hörður trúnaðarmaður í félagsmiðstöðinni Miðbergi:

Hann kvaðst hafa verið á þingi BSRB. Staðan í dag væri ekki öfundsverð. Það væri hins vegar ekki sanngirni að standa ekki við gerða samninga. Hann vonaðist til að gerðir verði betri samningar í framtíðinni. Það væri staðreynd að við hefðum tapað kosningu á BSRB þinginu. Það hefði verið eins og formaður og stjórn gengju ekki í takt. Kári hefði svarað þessu vel. Hörður vill að ný stjórn fái tækifæri. Biður um að þessi mikla orka sem er í salnum verði nýtt til að vinna saman, nóg sé af mótlæti að utan. Við þyrftum að taka umræðuna. Fjölirnir vann kosninguna og við töpuðum en að við ættum að leita að útskýringunum hjá okkur sjálfum.

Þórarinn:

Hver gerði samninginn? Hann vilji upplýsa það hér að honum hafi verið boðinn þessi samningur af stjórn. „Leikar fóru svona og ég gekk að því sem mér var boðið“. Ræðir svo aðeins um kjör stjórnar BSRB þar sem hann tapaði gegn Fjölni.

Svava:

Bendir á að henni þyki umræðan skritin. Við værum fjalla um skýrslu formanns og ársreikninga og finnst sem þessi umræða ætti að fara fram undir liðnum önnur mál. Það væri eðlilegt að stjórn gerði starfslokasamning í samræmi við það sem stendur í lögum, lögum sem við sömdum. Stjórnin væri kosin til aðalfundar 2027. Hún teldi það ekki góða lausn að stjórnin gengi út í einu lagi. Þá myndu hæfileikar og stofnanaminni glatast og það væru ákveðin verðmæti. Hún teldi að við ættum að leyfa þeim að vinna vinnuna sína og kjósa nýja stjórn 2027.

Hlynur trúnaðarmaður á Landspítala:

Ítrekaði spurningu sína um hvað gerðist eftir að Ingibjörg Sif hætti sem formaður og hvort Kári hefði á einhverjum tímapunkti verið varaformaður. Taldi sig ekki hafa fengið skýr svör um það.

Kári svarar:

Það væri þannig að formaður væri kosinn í félagakosningu til þriggja ára ásamt stjórn félagsins. Það væri enginn feluleikur í gangi. Á fyrsta fundi stjórnar skiptir stjórn með sér verkum og á stjórnarfundum í okt. 2024, þegar Ingibjörg Sif tók við sem formaður, hafi stjórnin valið hann sem varaformann Sameykis.

Það hafi ekki verið gerður neinn starfslokasamningur við Ingibjörgu Sif þegar hún hætti sem formaður og tók aftur við hlutverki sínu sem varaformaður.

Varðandi starfslokasamninginn við Þórarinn hefði það ekki verið lögmaður félagsins sem vann í þeim málum, heldur verið fenginn utanaðkomandi lögfræðingur og sáttamiðlari til að miðla

málum og leggja fram tillögu til að ganga frá starfslokum við hann. Ekki hefði verið hægt að gera þetta öðruvísi skv. lögum félagsins. Hann ítrekaði að það væri verið að vinna í að koma í veg fyrir að þetta gæti endurtaki sig. Hann vonaðist til að við getum verið samstíga núna í leið okkar til framtíðar. Hann teldi það ekki vænlegt til árangurs að kryfja málin of mikið ofan í kjölinn eða fara í of mikil smáatriði.

Mælendaskrá tæmd. Gengið til atkvæða um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Garðar bað um orðið áður en atkvæðagreiðsla hófst og spurði um niðurstöður atkvæðagreiðslu. Samkvæmt lögum þyrfti 2/3 greiddra atkvæða til samþykktar. Hann vildi fá staðfest hvort „tek ekki afstöðu“ gildir í niðurstöðum? Hvort ekki væri betra að hafa bara já og nei. Fundarstjóri telur ekki þörf á að gæta sérstaklega að því undir þessum lið en að því verði breytt í öðrum liðum.

Þar með var gengið til kosninga um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Niðurstöður:

Já: 82.68%

nei: 8.66%

tóku ekki afstöðu: 8.66%

Skýrsla stjórnar og reikningar eru samþykkt.

## **2. Lagabreytingar:**

Tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.

Fundarstjóri segir tillögur að lagabreytingum hafi legið fyrir 10 dögum fyrir aðalfund og voru aðgengilegar á skrifstofu og á „Mínum síðum“ 10 dögum fyrir aðalfund.

Jenný Þórunn Stefánsdóttir lögfræðingur Sameykis kynnir allar tillögurnar í einu lagi og síðan verður fjallað um hverja tillögu fyrir sig og greidd atkvæði um hana.

Laganefnd starfaði í aðdraganda aðalfundar. Nefndina skipa:

Egill Kristján Björnsson

Rut Ragnarsdóttir

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir

Egill Heiðar Gíslason

Helga Bryndís Kristjánsdóttir.

Jenný Þórunn Stefánsdóttir lögfræðingur Sameykis starfaði með nefndinni.

Hver grein lagabreytinga fyrir sig er borin undir atkvæðagreiðslu og taka breytingar gildi strax að loknum aðalfundi.

Laganefnd Sameykis leggur til eftirfarandi breytingar á lögum Sameykis:

### **1. Tillaga að breytingu á 5. gr. laganna:**

➤ Núgildandi grein er svohljóðandi:

- Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert skilyrði 3. gr. til þess að geta orðið félagi og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagi. Félagið skal kynna nýju félagsfólki réttindi þess og skyldur í félaginu.

➤ Breytingartillagan er svohljóðandi:

- Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert skilyrði 3. gr. til þess að geta orðið félagi og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með fullgildur félagi. Einungis fullgildir félagar hafa kjörgengi og geta setið í stjórn félagsins og/eða stjórnnum sjóða þess. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja tafarlaust úr stjórn, sjá einnig 9. gr. laganna. Þessi regla gildir um alla kjörna fulltrúa í stjórnnum og nefndum félagsins. Félagið skal kynna nýju félagsfólki réttindi þess og skyldur í félaginu.

Tilgangur breytinga er að útskýra hverjir eru fullgildir félagsmenn sem geta tekið ákvarðir um meðferð fjármuna félagsins

Árni Stefán:

Gerir athugasemd við „fullgilda félagsmenn“ Hverjir eru þeir og hverjir eru það ekki? Er sjálfur orðinn lífeyrisþegi. Ellilífeyrisþegar greiða ekki félagsgjöld en hafi gert það í mörg áður og hann spyr hvort þeim sé þá ekki heimilt að leggja fram tillögur? Er ekki sáttur við að þeir séu gerðir að 2. flokks félagsmönnum

Hlynur:

Má leggja fram nýjar tillögur til lagabreytingar á þessum fundi?

Fundarstjóri svarar því til að skv. lögum félagsins eigi breytingartillögur að liggja fyrir 10 dögum fyrir aðalfund og því sé ekki heimilt að leggja fram nýjar breytingartillögur á fundinum. Hins vegar mætti leggja til breytingar á fyrir fram kynntum tillögum. Ef hann vildi leggja til nýjar breytingar yrði hann að koma með þær 10 dögum fyrir næsta aðalfund.

Garðar:

Hvetur stjórn til að taka til skoðunar „góða stjórnunarhætti“ um að stjórnarmenn þiggi ekki laun sem starfsmenn og skoða hlutleysi gangvart félaginu. Laganefndin þurfi að taka þetta til skoðunar.

Tekur undir spurningu Árna Stefáns um hvort það þurfi að standa þarna fullgildur? Erum dreift félag og eigum bara tala um félaga.

Ekki frekari umræður. Fundarstjóri segir enga breytingatillögu hafa komið fram og því verði gengið til atkvæðagreiðslu.

Niðurstöður:

Já: 64,71%

Nei: 35,29%

Tillagan er felld – nær ekki 2/3 samþykkt

## **2. Tillaga að breytingu á 9. mgr. 19. gr. laganna:**

➤ Núgildandi grein er svohljóðandi:

- Stjórnin ræður skrifstofustjóra og felur honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfolk eða formann félagsins sem skrifstofustjóra þess. Skrifstofustjóri ræður starfsfolk í samráði við stjórn. Skrifstofustjóri semur við starfsfolk um laun þeirra.

- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og felur honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfolk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Stjórn skal skipa launanefnd sem ákvarðar laun framkvæmdastjóra, formanns stjórnar og annarra stjórnarmanna sbr. reglur stjórnar um launanefnd. Framkvæmdastjóri ræður starfsfolk og semur um kjör þess.
- Eftirfarandi texti fellur út:
  - „í samráði við stjórn“

Tilgangur breytinga er breyting á starfsheiti. Starf skrifstofustjóra er í raun starf framkvæmdastjóra.

Garðar:

Snýst þessi breytingartillaga um að framkvæmdastjóri taki yfir starf skrifstofustjóra? Er það rétt skilið að starfsheiti skrifstofustjóra falli niður og í staðinn komi framkvæmdastjóri?

Kári:

Já þetta er nákvæmlega það sem málið snýst um: breyting á starfstitli.

Gengið til atkvæðagreiðslu.

Niðurstöður:

Já: 87,85

Nei: 12,15%

Tillagan er samþykkt.

### **3. Tillaga að breytingu á 5. mgr. 19. gr. laganna:**

- Núgildandi grein er svohljóðandi:
  - Stjórnin sér um að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess
- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Stjórnin ber ábyrgð á að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess og skal setja sér starfsreglur.

Tilgangur breytinga er viðbótin um að stjórn setji sér starfsreglur

Kári:

Nákvæmlega það sem stjórnin þurfi að gera, að setja sér starfsreglur

Niðurstöður:

Já: 99,03

Nei: 0,97

Tillagan er samþykkt

### **4. Tillaga að breytingu á 24. gr. laganna:**

- Núgildandi grein er svohljóðandi:
  - Á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 eða fleiri félagar sbr. lög nr. 94/1986, skal í maí annað hvert ár (oddátöluár) kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, sem tilkynnt sé félagsstjórn. Velja má annan til vara. Berist eigi tilkynning um val fyrir 31. maí skal

félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á vinnustaðnum.

- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 eða fleiri félagar er heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem 50 félagsmenn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn, sbr. Lög nr. 94/1986, vísast í þessu samhengi einnig til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í maí annað hvert ár (oddataluár) skal kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, sem tilkynnt sé félagsstjórn. Velja má annan til vara.
- Eftirfarandi texti fellur út:
  - „Berist eigi tilkynning um val fyrir 31. maí skal félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á vinnustaðnum“.

Tilgangur tillögunnar er orðalagsbreyting: skal felld út og í staðinn komi heimild.

Árni Stefán:

Þetta er svona í lögnum. Við sem stéttarfélag getum gengið lengra. Mér hugnast miklu betra að hafa skal frekar en heimild. Mun sterkara. Líka algerlega nauðsynlegt að hafa textann um að félagsstjórn skipi trúnaðarmenn.

Leggur til að sleppa **heimilt** og hafa **skal** og halda inni textanum um að **félagsstjórn skuli skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á vinnustaðnum**.

Hörður Oddfríðarson:

Er sammála Árna Stefáni. Geta komið upp þær aðstæður á vinnustöðum að félagið þurfi að skipa trúnaðarmenn.

Leggur til að farið verið í gegnum lög Sameykis og að tilvísanir í lög annarra verði felld út og meiningin sett inn í staðinn, því við höfum ekki forræði yfir lögum annarra. Má breyta lögum út og suður og þá falla tilvísanir um sig sjálfar og geta breytt innihaldinu.

Jakobína:

Sammála Árna Stefáni um að hafa inn orðið skal. Kannast ekki við að félagsstjórn sé mikið að skipa trúnaðarmenn. Leggur til að textanum sé breytt þannig að félagsstjórn **hafi heimild** til að skipa trúnaðarmenn o.s.frv.

Jenný:

Í lögnum er vísun til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og finnst annað óeðlilegt. Þarf að skoða þetta vel.

Ingibjörg Sif:

Líst vel á tillögu Jakobínu. Breytingartillaga er lögð fram til að samræma okkar lög við landslög.

Fundarstjóri:

Þarf að taka breytingartillöguna til atkvæðagreiðslu áður en greitt er atkvæði um aðal tillöguna.

- Breytingartillagan:
  - Á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 eða fleiri félagar **skal** kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem 50 félagsmenn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn, sbr. lög nr. 94/1986, vísast í þessu samhengi einnig til laga nr.

80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í maí annað hvert ár (oddatöluár) skal kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, sem tilkynnt sé félagsstjórn. Velja má annan til vara.

- Berist eigi tilkynning um val fyrir 31. maí **er félagsstjórn heimilt** skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á vinnustaðnum.

Tillögur til breytinga eru samþykktar og er tillagan því næst borin upp til samþykktar.

Niðurstöður:

Já: 91,84

Nei: 8,16

Tillagan er samþykkt

## 5. Tillaga að breytingu á 36. gr. laganna:

- Núgildandi grein er svohljóðandi:
  - Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi tillögur þar að lútandi borist til félagsstjórnar áður en aðalfundur er auglýstur og þeirra getið í fundarboði. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund.
- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi tillögur þar að lútandi borist frá fullgildu félagsfólki til félagsstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu og á vefsíðu félagsins sjö sólarhringum fyrir aðalfund.

Tillaga fundarstjóra er að taka út „fullgildu“ til samræmis við 1. breytingatillögu. Það er samþykkt.

Jakobína:

Þurfum að boða fund 35 dögum fyrir aðalfund. Það er því of seint ef lagabreytingar koma ekki fyrir en 21 degi fyrir aðalfund.

Fundarstjóri bendir á að fundarboð aðalfundar þarf að innihalda lagabreytingar, ef engar breytingar eru fyrirhugaðar er það tilkynnt á fundinum.

Ekki frekari umræður. Gengið til atkvæðagreiðslu um breytta breytingartillögu:

- *Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi tillögur þar að lútandi borist frá félagsfólki til félagsstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu og á vefsíðu félagsins sjö sólarhringum fyrir aðalfund.*

Niðurstöður:

Já: 97,78

Nei: 2,22

Tillagan er samþykkt

#### **6. Tillaga að breytingu á 2. mgr. 19. gr. laganna:**

- Núgildandi grein er svohljóðandi:
  - Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar með öruggum hætti fyrir stjórnar- og félagsfundi, og einnig fyrir Trúnaðarmannaráðsfundi.
- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari stjórnar ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar með öruggum hætti skv. starfsreglum stjórnar.
- Eftirfarandi texti fellur út:
  - „fyrir stjórnar- og félagsfundi, og einnig fyrir Trúnaðarmannaráðsfundi.“

Vísun í starfsreglur stjórnar. Ritari ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar

Garðar:

Eigum að skoða fyrir næsta aðalfund hvort við höfum ekki bara formann og 1. og 2. varaformann. Hann fagnar því að það sé tekið út að ritari skuli rita fundargerðir og að hann geti fengið aðra í það. Einnig finnst honum undarlega að félag með 6 milljarða eignir sé ekki með gjaldkera. Eigum að gefa stjórnarmönnum og þingmönnum kost á að taka þátt í umræðum, ekki bara að hafa þá upptekna við ritun fundargerða.

Hörður:

Er ekki alveg sammála Garðari. Ritari er mjög mikilvægt embætti. Ritari er sjálfkrafa annar varaformaður. Sammála því að það vanti gjaldkera. Ritari þýðir ekki bara að viðkomandi sitji alla fundi heldur sjái hann til þess að fundargerðir séu skráðar. Leggur til að stjórnin íhugi að taka upp að taka upp aðalritara eins og hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ekki frekari umræður og gengið til atkvæðagreiðslu um tillögu laganevndar.

Niðurstöður:

Já: 94,74%

Nei: 4,26%

Tillagan er samþykkt

Fundarstjóri segir að efnislega hangi tillögur 7 og 8 saman og því ætlar hann að sameina umræðu um þær tillögur og kjósa svo um þær í einu lagi. Samþykkt

#### **7. Tillaga að breytingu á 2. lið 13. gr. laganna (Dagskrá aðalfundar):**

- Núgildandi grein er svohljóðandi:
  - Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár og fjárhagsáætlun ársins kynnt.

Tilgangur tillögunnar er að bæta við kynningu á fjárhagsáætlun

#### **8. Tillaga að breytingu á 9. lið 13. gr. laganna (Dagskrá aðalfundar):**

- Núgildandi grein er svohljóðandi:
  - Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar
- Breytingartillagan er svohljóðandi:
  - Liður 9 felldur út og sameinaður 2. lið.
  - Liður 10 (Ályktanir aðalfundar afgreiddar) verður liður 9
  - Liður 11 (Önnur mál) verður liður 10

Tilgangur breytinga eru breytingar á númerum liða.

Gunnsteinn:

Einföldun á framkvæmd aðalfundar. Lagt til að fjárhagsáætlun verði lögð fram og samþykkt í byrjun árs í staðinn fyrir þegar fjórðungur ársins er liðinn.

Hörður:

Úrelt orðalag að leggja fram fjárhagsáætlun með þessu orðalagi. Leggur til breytingu þar sem reikningar séu staðfestir í stað samþykktir.

Það er samþykkt að ganga til atkvæðagreiðslu um tillögur 7 og 8 þar sem fjárhagsáætlun er **staðfest**.

Niðurstöður:

Já: 98.97

Nei: 1.03%

Tillagan er samþykkt

#### **4. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.**

Gunnsteinn R. Ómarsson kynnir. Þetta er í raun hefðbundinn dagskrárliður. Tillögur eru um sömu endurskoðendur og síðast.

Tillaga stjórnar um endurskoðendur:

ODT endurskoðun, Sigrún Guðmundsdóttir og Karl Óskar Þráinsson.

Ekki bárust athugasemdir eða ósk um atkvæðagreiðslu og því er tillagan samþykkt með lófataki.

Tillaga um skoðunarmenn reikninga 2 aðal og 2 til vara

Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður

Egill Heiðar Gíslason – aðalmaður

Ekki bárust athugasemdir eða ósk um atkvæðagreiðslu og því er tillagan samþykkt með lófataki.

Ásdís Hrunn Þórarinsdóttir - til vara

Inga Lára Pétursdóttir - til vara

Ekki bærust athugasemdir eða ósk um atkvæðagreiðslu og því er tillagan samþykkt með lófataki.

## 5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.

Tillaga stjórnar borin fram af Kára Sigurðssyni:

Stjórn Sameykis leggur til að félagsgjald verði 1% af heildarlaunum félagsfólks.

Það var ákveðið á aðalfundi 2022 að hækka félagsgjaldið upp í 1.1% og þar af runnu 0,23% í vinnudeilusjóð. Þessi hækkun átti bara að vera tímabundinn og sjáum við ekki ástæðu til að hafa þessa hækkun í gildi lengur. Leggjum því til 1% félagsgjald og yrði skipting gjaldsins þannig að 0,87% gjaldsins færi í Félagssjóðs en 0,13% í Vinnudeilusjóð.

Gunnsteinn:

Til áréttingar: breytingin tekur gildi f.o.m. 1. maí 2025

Ekki bærust athugasemdir eða ósk um atkvæðagreiðslu og því er tillagan samþykkt með lófataki.

## 6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar

Gunnsteinn R Ómarsson, skrifstofustjóri kynnir áætlun fyrir félags- og orlofssjóð – sjá fylgiskjal 3

Ætti að vera í síðasta skipti sem fjárhagsáætlun er lögð fram með þessum hætti. Næst verður fjárhagsáætlun unnin fyrir árslok 2025. Virkjum trúnaðarmenn og grasrótina í gerð fjárhagsáætlunar.

Viljum bæta í starfsmannhópinn til að bæta þjónustu við félagsmenn. Gerum því ráð fyrir hækkun launa og launatengdra gjalda.

Tap af sölu fastafjármuna skýrist af því þetta er bókfært tap af sölu orlofshúsa á Úlfjótavatni.

Orðið laust:

Enginn óskar eftir umræðu um fjárhagsáætlunina og ekki óskað eftir atkvæðagreiðslu. Fjárhagsáætlun er því samþykkt.

## 7. Ályktanir aðalfundar afgreiddar

Tillögur að ályktunum fyrir aðalfund Sameykis 2025

Ályktun 1:

### **Löngu tímabær leiðrétting á kerfisbundnu vanmati á kvennastörfum**

Sameyki lýsir yfir stuðningi við baráttu BSRB og Kvennaárs 2025 þess efnis að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum. Samkvæmt BSRB og Kvennaári eru atvinnutekjur kvenna á Íslandi enn um 21% lægri en karla og er helsta ástæða launamunar kynjanna kynjaskiptur vinnumarkaður og vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. Stjórnvöld þurfa að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennastörfum og tryggja virkt eftirlit með kynbundnum launamun.

Samþykkt án umræðu

Ályktun 2:

**Hagræðingartillögur ríkisstjórnarinnar miða að því að veikja réttindi opinbers starfsfólks** Sameyki hafnar þeim hagræðingartillögum ríkisstjórnarinnar að fella á brott ákvæði í lögum um að áminna þurfi opinbera starfsmenn áður en til uppsagnar kemur. Reglur um áminningarferli opinberra starfsmanna má finna bæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningum starfsmanna sveitarfélaga. Samkvæmt lögum gilda engar sérreglur á opinberum vinnumarkaði aðrar en þær sem eiga við um uppsagnir starfsfólks vegna skipulagsbreytinga. Almenn gildir að ef uppsögnin er ekki liður í skipulagsaðgerðum þarf fyrst að áminna starfsmanninn og gefa viðkomandi kost á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur. Um er að ræða réttindi sem opinberir starfsmenn hafa náð fram með þrotlausri baráttu og eru tryggð bæði í kjarasamningum og í lögum frá Alþingi.

Hörður: Brýnir fyrir félagsmönnum að þetta verði ALDREI tekið af. Aldrei boðið nógu hátt í þetta. Verðum að standa mjög fast gegn hugmyndum að þetta verði felld út.

Hlynur: spyr hvort „varar við“ sé of veikt orðalag og kemur með breytingartillögu um að inn í textann komi „að við óskum eftir samráði við ríkið um að þetta verði ekki tekið af“

Þórunn: Frábært. Segir að þetta sé farið út úr samningum hjá Faxafólahöfnum og Orkuveitunni. Stuðningur við tillöguna.

Ályktun samþykkt með breytingartillögu

Ályktun 3:

**Aðförin að verkfallsrétti verkálýðsfélaga er afturhvarf til fortíðar**

Sameyki hafnar þeim hagræðingartillögum ríkisstjórnarinnar sem snúa að því að efla valdheimildir ríkissáttasemjara til að grípa inn í vinnudeilur. Ljóst má þykja að ætlunin sé að skerða verkfallsrétt verkálýðsfélaganna í landinu. Sameyki lítur svo á að það lýðræði sem verkálýðshreyfingin hefur byggt upp sé í samræmi við alþjóðasamninga, að félagsfólkið sjálft greiði atkvæði um hvort farið verði í verkfall til að knýja fram kröfur sínar. Það er lykilatriði á vinnumarkaði að launafólk semji um kaup og kjör á eigin forsendum og í virku samtali við atvinnurekendur. Engin ein manneskja eða embætti á vegum ríkisins á að geta gripið inn í það og þar með komið í veg fyrir verkálýðsbaráttu. Það er hluti lýðræðis að launafólk geti hafið verkfall og ríkisstjórn landsins ætti frekar að styðja þau réttindi og leiðir sem til þess eru farnar af sömu virðingu og verkálýðshreyfingin.

Kári gerir að tillögu að í staðinn fyrir „vara við“ komi „hafnar“

Hörður:

Tekur undir tillögu Kára og kallar eftir samstöðu um að hafna tillögum sem koma að ofan.

Samþykkt með breytingartillögu

Ályktun 4:

***Hugmyndir um niðurskurð í opinberum rekstri geta verið varasamar***

*Skorað er á stjórnvöld að fara varlega í innleiðingu hagræðingartillagna í opinberum rekstri. Niðurskurður í opinberum rekstri hefur sérstaklega neikvæð áhrif á konur, sem eru mikill meirihluti starfsfólks á opinbera vinnumarkaðnum. Viðvarandi niðurskurðar- og aðhaldskröfur hafa veikt opinbera þjónustu. Starfsaðstæður eru víða erfiðar vegna manneklu og skorts á fjárfestingu í húsnæði, viðeigandi búnaði og tækjum. Þá eru viðvarandi niðurskurðarkröfur rót félagslegs óstöðugleika og til þess fallnar að veikja velferðarkerfið. Sameyki minnir stjórnvöld á að eitt af meginverkefnum ríkis og sveitarfélaga er að halda uppi öflugu velferðarkerfi. Öflugt velferðarkerfi tryggir örugga framfærslu, framúrskarandi heilbrigðis- og félagsþjónustu, menntun og jafnrétti óháð búsetu og efnahag. Það öfluga velferðarkerfi sem við höfum byggt upp og sú þjónusta sem hið opinbera er skuldbundið til að veita almenningi er mikilvæg fyrir framfarir samfélagsins og hagsæld til lengri tíma.*

Samþykkt án umræðu

## **8. Önnur mál.**

**Trúnaðarmenn ársins kynntir:**

Þórunn Gona Helgadóttir trúnaðarmaður Sameykis á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar  
Helena Sigurbergsdóttir trúnaðarmaður Sameykis hjá Isavia

Kári:

Það er orðin hefð fyrir því að kynna trúnaðarmenn ársins á aðalfundi Sameykis. Trúnaðarmannaráð Sameykis er mjög öflugt og margir trúnaðarmenn mjög öflugir, en trúnaðarmenn Sameykis eru um 330 talsins.

Þórunn hefur verið trúnaðarmaður frá árinu 2021 og Helena hefur verið trúnaðarmaður frá 2017. Þær hafa verið ötulir trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum og við óskum þeim til hamingju með tilnefninguna.

**Orðið er laust fyrir önnur mál:**

Hlynur:

Er sjúkraliðanemi á Landspítalanum. Hann upplifir kerfisbundið vanmat á störfum kvenna. Hann kallar eftir stuðningi Sameykis við að trúnaðarmenn fái að sitja stjórnarfundum LSH sem áheyrnarfulltrúar, með eða án atkvæðisréttar. Hann vill síðan útfæra þetta þannig að Sameyki beiti sér fyrir því að trúnaðarmenn fái rétt til að sitja í stjórnnum vinnustaða sinna sem áheyrnarfulltrúar, með eða án atkvæðisréttar.

Hann leggur til að kosið verði um þetta hér á aðalfundi Sameykis.

Kári:

Þakkar Hlyni fyrir þessa góðu tillögu. Hann leggur til að stjórn Sameykis taki samtalið um þetta mál við Hlyn og að það verði síðan tekið til umfjöllunar í trúnaðarmannaráði. Hlynur er samþykktur því.

Hlynur er með fleiri tillögur:

Hefur, eins og fleiri orðið var við aukið álag á skrifstofu Sameykis. Hann leggur til að trúnaðarmannaráð taki að sér að minnka álag á skrifstofu Sameykis með því að trúnaðarmenn

leiti til hvers annars um samráð og stuðning á fundum með yfirmönnum vinnustaða í verkefnum eins og starfsmannaviðtölum o.þ.h.

Verði fastur liður á trúnaðarmannaráðsfundum að vinna að þessum málum

Kári:

Frábært að fá svona hugmyndir. Legg til að við afgreiðum þetta á sama hátt og fyrri tillögu Hlyns. Hlynur er samþykkur því.

Í lok fundar segir fundarstjóri frá því að fundargerð verði sett á vefinn og hægt sé að senda inn athugasemdir, ef þær berast ekki fyrir 1. maí þá sé litið á fundargerð sem samþykkt.

Formaður Kári Sigurðsson þakkar fyrir góðan fund. Vonar að það verði jafn góð mæting að ári. Hann slítur fundi og býður fólki að þiggja veitingar.

## Fylgiskjal 1

### Tillaga um frestun aðalfundar Sameykis 27. 03. 2025

Ég, undirritaður geri að tillögu minni að fresta beri aðalfundi Sameykis haldinn 27. 03. 2025. Þetta geri ég fyrir hönd þeirra félaga sem ekki eiga möguleika á að mæta á aðalfund sökum tímasetningar.

Það er merkilegt að stjórn verkalýðsfélags stilli upp aðalfundi á þeim tíma sem félagar hafa ekki möguleika á að mæta. Það er nefnilega ekki kjarasamningsbundinn réttur hins almenna félaga í Sameyki að mæta á aðalfund á miðjum vinnudegi. Það er því mikilvægt að hin almenni félagsmaður hafi það rétt að velja sjálfur hvort viðkomandi mæti á aðalfund eður ei. Það er einnig nauðsynlegt að færi verði gefið til umræðu um mál sem snerta félagsfólk, sérstaklega þegar um alvarlega hluti er að ræða sem þörf er að ávarpa á aðalfundi Sameykis 2025.

Aðalfundur á miðjum vinnudegi flestra er alveg til að ganga frá trausti á stjórn Sameykis og lýðræðislegum vinnubrögðum sem við verður að reiða okkur á. Þetta á stjórn Sameykis að vita og bera virðingu fyrir.

Frestum aðalfundi.

Reykjavík 27. 03. 2025

Trausti Jónsson

Trúnaðarmaður Austurmiðstöðvar, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.



## Fylgiskjal 2

### Ávarp fráfarandi formanns:

Ágætu fundargestir:

Ég stend hér á tímamótum þar sem ég er að hverfa frá baráttunni fyrir betri kjörum og betri réttindum fyrir félagsfólk Sameykis og annarra sem notið hafa þess árangurs sem félagið og forverar þess hafa náð á síðustu 32 árum.

Ég kom fyrst til starfa fyrir SFR árið 1993 þegar ég tók að mér að verkstýra námi fyrir uppeldis-, meðferðar- og stuðningsfulltrúa, og það gerði ég í nokkur ár. Verkefnið leiddi meðal annars til þess að mér bauðst árið 2001 nýtt brautryðjendastarf, sem var að koma **Fræðslusetrinu Starfsmennt** á laggirnar. Sú uppbygging var stórt og mikilvægt menntaverkefni fyrir félagsfólk, en hjá **Starfsmennt** var ég framkvæmdastjóri þar til að ég tók við starfi framkvæmdastjóra **SFR** árið 2006. Í aðdraganda og breytingaferlinu sem fylgdi sameiningu SFR og StRv árið 2019 voru ábyrgð og verkefni mín af ýmsu tagi en 2021 var ég kjörinn formaður **Sameykis** og síðan endurkjörinn árið 2024.

Það er margs að minnast þegar litið er yfir þennan tíma, en mig langar að staldra við nokkur verkefni á minni vakt, sem hafa styrkt félagið og bætt hag félagsfólks.

**Sameining SFR og StRv undir merkjum Sameykis** var meðvituð aðgerð til að byggja upp sterkasta stéttarfélag landsins á opinberum vettvangi. Félagið hefur alla burði til að valda því hlutverki með sóma, þó vissulega hafi ýmsir vaxtaverkir gert vart við sig í sameiningarferlinu. Hlutverk Sameykis er þó alveg skýrt; að auka styrk félagsins við að gera almennilega kjarasamninga, og að tryggja þjónustu skrifstofunnar til að bæta hag og réttindi félagsfólks umfram allt annað.

**Fræðslusetrið Starfsmennt** er ein öflugasta endur- og símenntunarmiðstöðin á opinberum vinnumarkaði. Einnig er nauðsynlegt að minnast á **Framvegis – miðstöð símenntunar** sem er hlutafélag að meirihluta í eigu Sameykis, en í þessum menntunarmiðstöðvum okkar liggja ógrynni tækifæra til að lyfta og yta enn frekar undir menntun og þjálfun félagsfólks. Einnig er áhugavert að lita til **Starfsgreinaráðs heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina**, en á þeim vettvangi hafa mörg mikilvæg verkefni verið unnin, svo sem að koma námi **Félagsliða** á þriðja hæfnisþrep í hæfnirammaum um menntun. Og ekki má gleyma vinnunni þegar félagið tók þátt í að koma **Heilbrigðisgagnafræðináminu** á fagháskólastig.

En bökkum aðeins í tíma.

Í aðdraganda að **hruni banka- og fjármálakerfisins** í október 2008, hafði ég forgöngu um það að koma fjármunum SFR út úr eignastýringu hjá bönkum og fjármálaþyrirtækjum. Ég hélt því fram á fyrri hluta ársins að bankarnir væru að falli komnir, því öll merki báru þess vitni að þeir væru á leið í þrot. Það tókst að koma þessum eignum okkar félagsfólks í skjól, en þetta voru á milli 500 og 600 milljónir á núvirði. Því miður hugðu mörg stéttarfélög ekki að þeirri stöðu sem var á fjármálamarkaði á þessum tíma og töpuðu verulegum fjármunum vegna andvaraleysis.

Það má ýmislegt segja um sjóði félagsins. **Starfsmenntunarsjóðirnir** hafa verið í skoðunarferli um þó nokkra hrið en þeir byggja á traustum grunni. Mikilvægt verkefni undir mínu forsæti, var að færa **Styrktar- og sjúkrasjóð** undir félagið sjálft og hætta samstarfi við Sjúkrasjóð BSRB. Þar er vert að muna að stéttarfélögin innan Sjúkrasjóðs BSRB ákváðu að svíkja Sameyki um gert samkomulag í því ferli öllu, þó svo að úr hafi verið greitt síðar. Með einum sterkum Styrktar- og sjúkrasjóði undir stjórn Sameykis eru hagsmunir félagsfólks mun betur tryggðir en áður. Ein stærsta breytingin innan sjóðakerfisins er efling og vöxtur **Orlofssjóðs**. Allar áætlanir um uppbyggingu, allt frá 2010, hafa

staðist og sjóðurinn skuldar nánast ekkert. Sameyki á nú eitt sterkasta og nýlegasta safn orlofshúsa á landinu, og er þá önnur þjónusta sjóðsins ótalin.

Meginhlutverk stéttarfélaga er að gera kjarasamninga og vinna að réttindum félagsfólks. Kringum hrúnarín voru allmargir kjarasamningar gerðir og snerust þeir að miklu leyti um að tryggja starfsöryggi félagsfólks. Þegar meira jafnvægi náðist í samfélaginu þá varð baráttan um kjarabætur harðari. Fyrsta verkfall félagsins frá allsherjarverkfallinu 1984 var árið 2014. Þá fóru SFR, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins og Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sameiginlega í verkfall gegn Isavia. Árið eftir, 2015, voru kjarasamningar við ríkið lausir og þá fór SFR ásamt Sjúkraliðum í verkfall til að knýja á um kjarasamninga. Verkfallið var mjög vel skipulagt og stóð í nokkrar vikur. Aðgerðir voru blanda af ótímasettu verkfalli innan tiltekinna stofnana og síðan allsherjarverkfalla á ákveðnum dögum. Allar kröfur félagsins náðu fram að ganga í þeim samningum.

Undanfarin 19 ár hafa fjölmargir kjarasamningar verið gerðir á minni vakt. Þeir samningar hafa einkennst af markvissri samvinnu forystu- og félagsfólks við undirbúning kröfugerða, og þeim kröfugerðum hefur verið haldið fram af mikilli festu. Upplýsingagjöf ríkisins um kjör starfsfólks eftir stéttarfélögum, eru mjög aðgengileg á netinu og betri en hjá Borginni og öðrum viðsejendum. Ef við skoðum launapróun á meðal dagvinnulaunum félagsfólks í starfi hjá ríkinu milli áráanna 2006 og 2024, þá sjáum við að félagsfólk Sameykis/SFR var með lang **lægstu** dagvinnulaunin árið 2006, eða 179.950.- kr. á mánuði og þar fyrir ofan voru til dæmis Kjölur, Sjúkraliðafélagið, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Austurlandi í þessari röð, og lang hæstu dagvinnulaunin voru hjá Landssambandi lögreglumanna, eða 224.953.-. Nýjustu tölur sem við höfum um meðal dagvinnulaun hjá ríkinu eru frá september 2024 og sýna að þá eru Sameykisfélagar orðnir lang **hæstir** í þessum samanburði eða með 622.904 kr. í meðal dagvinnulaun. Þar á eftir koma Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Kjölur, Sjúkraliðafélag Íslands, Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi í þessari röð og botninn skrapar Landssamband Lögreglumanna með 594.272.- kr. í meðaltals dagvinnulaun á mánuði. Launapróun á umræddu tímabili er 164% hjá Landssambandi lögreglumanna en hjá Sameyki er þessi próun 247%. Það skondna í mínum huga er, að á þingi BSRB síðastliðið haust var formaður Landssambands lögreglumanna kjörinn til að gegna embætti 1. varaformanns BSRB, formaður félags sem ræður ekki einu sinni við að gera sémilega kjarasamninga. Það segir okkur eitthvað.

Ég verð að geta þess hér, að síðustu kjarasamningar, sem undirritaðir voru síðastliðið sumar, voru lykilsamningar fyrir stærsta hluta félagsfólks Sameykis. Útreikningar okkar í kjarasamningsgerðinni sýndu að stór hluti félagsfólks okkar var að fá 7-9% hækkun í fyrsta skrefi. Enda staðfesta iðgjöld félagsmanna þá launahækkun. Heildarhækkun á kjarasamningstímabilinu 2024 til 2027 til okkar félagsfólks verður því um 15 milljarðar króna fyrir utan það sem hægt er að sækja í komandi stofnanasamningum og mun koma til viðbótar þessum kjarabótum.

Það er ekki úr vegi að rifja upp að launahækkunin sem BSRB vildi leiða félögin í, átti að vera 3,25% í þessu fyrsta skrefi.

Í dag eru mörg verkefni á borðinu hjá stóru félagi. Ég vil minna á tvö þeirra hér. Annars vegar er það dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. desember síðastliðnum þar sem Heilbrigðisstofnun Vesturlands er gert að leiðrétta launasetningu félagsmanns og jafnframt að hækka laun hans aftur í tímann. Komið hefur í ljós að heilbrigðisstofnanir um land allt virðast kerfisbundið hafa breytt launum starfsfólks eftir gerð stofnanasamninga, til að draga úr umsömdum launahækkunum. Við hjá Sameyki komumst ekki að þessu fyrr en að starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vesturlands ákvað að ganga inn í Sameyki. Þessi háttur á að ræna launum starfsfólks hefur viðgengist um langt árabíl hjá öllum heilbrigðisstofnunum, ef marka má orð framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Það sérkennilega við þetta mál er að

starfsfólk sem þetta á við um eru starfsmenn ríkisstofnana, sem hafa verið og eru félagsfólk innan bæjarstarfsmannafélaga. Ef fullyrðing framkvæmdastjórans er rétt og heilbrigðisstofnanir hafa kerfisbundið dregið úr umsömdum hækkunum, þá hafa bæjarstarfsmannafélögin hvorki þekkingu né burði til að standa vörð um kjör félagsfólks og gera stofnanasamninga. Mín skoðun er sú að það verði ekki unnið að gagni að kjörum þessa hóps nema að þau verði félagsfólk í Sameyki. Ég er tilbúinn í umræðu um hvernig á að standa að því, ef eftir því verður leitað. En aftur að dómnum. Ríkið hefur áfryjað málinu og mín trú er sú að ríkið muni tapa málinu aftur.

Hitt málið sem ég vil hvetja félagið til að sækja mjög ákveðið er gerð um 150 stofnanasamninga sem þarf að gera með hagsmuni félagsfólks að leiðarljósi – þar má ekki vera neinn slaki. Stofnanasamningar eru launamyndunarkerfi starfsfólks sem vinnur hjá ríkinu ólíkt því sem er hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum þar sem skrifstofur Starfsmats sjá um launakerfið. Landspítalinn er sérstakt verkefni. Þar þarf að líta til þess hvernig framkvæmd launasetningar hefur verið í ljósi dómsins frá því í desember sem ég rakti hér á undan, og þess sérstaka samkomulags sem ég skrifaði undir við spítalann í síðustu samningum. Í stofnanasamningana, eins og alla samninga, þarf harðsnúið starfsfólk sem nýtur fulls stuðnings frá stjórn og starfsfélögum. Ég er fús til að hitta starfsfólk á skrifstofutíma á Grettisgötunni og gefa góð ráð um þessa samningagerð, ef eftir því verður leitað.

Síðastliðið haust kom upp ágreiningur milli mín og stjórnar Sameykis, bæði um mig sem persónu og um mínar áherslur í formannsstarfi. Einfalda útgáfan af sögunni er þessi:

**Persónan;** ég þótti of harður í samskiptum.

**Faglega;** ég lagði áherslu á sjálfstæði Sameykis innan BSRB, eða jafnvel utan þess ef það væri vænlegra til árangurs fyrir baráttumál félagsins.

Niðurstaðan er kunn; í október hvarf ég af skrifstofu Sameykis og lét af störfum formanns og varaformaður tók við.

Að síðustu vil ég hvetja Sameyki til góðra verka. Félaginu er að mínu mati allir vegir færir. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á innri styrk, ákveðni í framgöngu og sjálfstæði gagnvart BSRB. BSRB hefur undanfarið reynt að sölsa undir sig samningarétt félaganna og er það til mikils skaða. Í síðustu samningum kom Sameyki í veg fyrir að BSRB og svokallaður stýrihópur stórskaðaði réttindi félagsfólks, en það varð því miður ekki gert nema með miklum átökum sem kostuðu sitt.

Ég óska Sameyki og félagsmönnum öllum alls hins besta í framtíðinni og segi hér með af mér formennsku í félaginu fyrir kjörtímabilið 2024 til 2027.

Góðar stundir.

Þórarinn Eyfjörð, fráfarandi formaður Sameykis.

## Fylgiskjal 3

**Fjárhagsáætlun 2025- Félagssjóður**

|                                                | Skýringar | 2025<br>Áætlun | 2024<br>Raun |
|------------------------------------------------|-----------|----------------|--------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                          |           |                |              |
| Félagsgjöld .....                              |           | 841.343.828    | 808.984.450  |
|                                                |           | 841.343.828    | 808.984.450  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                           |           |                |              |
| <b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>       |           |                |              |
| Laun og launatengd gjöld .....                 |           | 268.834.843    | 328.927.281  |
| Bifreiðastyrkir .....                          |           | 0              | 1.221.644    |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..... |           | 130.293.187    | 126.863.116  |
| <b>Félags- og útgáfustarfsemi</b>              |           |                |              |
| Fundir, námskeið og félagsstarf .....          |           | 26.853.712     | 24.456.925   |
| Útgáfustarfsemi og kynningarmál .....          |           | 44.625.825     | 40.666.296   |
| Kjörgögn og kjarasamningar .....               |           | 2.780.826      | 13.327.294   |
| <b>Annar kostnaður</b>                         |           |                |              |
| Rekstrarkostnaður fastelgna .....              |           | 41.432.919     | 41.132.919   |
| Félagsgjald til B.S.R.B. ....                  |           | 192.178.644    | 178.770.832  |
| Fyrningar .....                                |           | 16.302.026     | 14.802.026   |
|                                                |           | 723.301.982    | 770.168.333  |
| <b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b>    |           | 118.041.846    | 38.816.117   |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>      |           |                |              |
| Fjármunatekjur .....                           |           | 17.795.903     | 23.323.486   |
| Fjármagnsgjöld .....                           |           | (840.595)      | (879.949)    |
|                                                |           | 16.955.308     | 22.443.537   |
| <b>Afkoma fyrir lífeyrisskuldbindingar</b>     |           | 134.997.154    | 61.259.654   |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga .....           |           | (45.066.793)   | (44.029.966) |
| <b>Afkoma ársins</b>                           |           | 89.930.361     | 17.229.688   |

## Fjárhagsáætlun Orlofssjóður 2025

|                                                    | Skýringar | 2025<br>Áætlun     | 2024<br>Raun       |
|----------------------------------------------------|-----------|--------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                              |           |                    |                    |
| Löggjöld í orlofssjóð .....                        |           | 507.626.962        | 470.024.965        |
| Leigutekjur orlofshúsa .....                       |           | 93.240.947         | 88.240.947         |
| Orlofshús til endurleigu, ferðaáðvísanir ofl ..... |           | 213.440.228        | 209.940.228        |
| Hagnaður (tap) af sölu fastafjármuna .....         |           | (21.008.000)       | 52.098.917         |
|                                                    |           | <u>793.300.137</u> | <u>820.305.057</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                               |           |                    |                    |
| Rekstur orlofshúsa .....                           |           | 307.601.429        | 272.249.251        |
| Orlofshús til endurleigu, ferðaáðvísanir ofl ..... |           | 284.530.985        | 274.330.985        |
| Fyrningar orlofshúsa og húsbúnaðar .....           |           | 44.689.931         | 35.689.931         |
|                                                    |           | <u>636.822.345</u> | <u>582.270.167</u> |
| <b>Rekstrarafgangur fyrir fjármagnslúði</b>        |           | 156.477.792        | 238.034.890        |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>          |           |                    |                    |
| Fjármunatekjur .....                               |           | 31.007.144         | 37.170.411         |
| Fjármagnsgjöld .....                               |           | (2.423.708)        | (2.073.708)        |
|                                                    |           | <u>28.583.436</u>  | <u>35.096.703</u>  |
| <b>Afkoma ársins</b>                               |           | <u>185.061.228</u> | <u>273.131.593</u> |